



ALZHEIMER SAMTÖKIN Á ÍSLANDI

**Aðalfundur Alheimersamtakanna
haldinn í Hátúni 10, 9. maí 2019, kl. 17:00**

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar.

Árni Sverrisson, formaður Samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Árni stakk upp á Sigurjóni Þórðarsyni sem fundarstjóra. Samþykktur með lófataki.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og stakk upp á Fríðu Proppé sem fundarritara. Var tillagan samþykkt með lófataki. Þá fór fundarstjóri yfir boðun fundarins sem metin var lögmet, skv. lögum félagsins og telst aðalfundurinn því lögmetur.

3. Skýrsla stjórnar.

Árni Sverrisson, formaður, flytur skýrslu stjórnar. Sjá má skýrslu formanns á heimasíðu Alheimersamtakanna: [Ársskýrsla formanns starfsárið 2018-2019.](#)

4. Endurskoðaðir ársreikningar Samtakanna fyrir árið 2018 lagðir fram, skýrðir og afganggreiddir.

Framkvæmdastjóri, Vilborg Gunnarsdóttir, gerði grein yfir ársreikningum félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um reikningana og fyrir spurningar úr sal.

- a. Spurt úr sal um fjölda félagsmanna og greiðslu áskrifta. Vilborg upplýsti að félagsmenn væru 1500. Um 75% félagsgjalda innheimtast sem telst vera mjög gott. Endurskoðandi samtakanna, Viðar, upplýsti að ákveðið hefði verið að senda félagsgjöld í heimabanka, ef þau væru send með gíróseðli þá fengjust þau síður greidd.

- b. Hvað eru „ungir greindir“? Vilborg sagði að miðað væri við 65 ára og yngri en það er alþjóðleg skilgreining.
- c. Spurt hvort samtökin séu vel mönnuð á landsbyggðinni. Vilborg sagði þau vel mönnuð alls staðar og væri tenglanetið sterkt og virkt.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða með lófataki.

5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda fyrir árið 2018 lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninga félagsdeilda. Þar kom fram að öll húsin eru réttu megin við núllið.

Fríðuhús-Dagbjálfun, Austurbrún 31, ársreikningur ársins 2018.

Drafnarhús – Dagbjálfun, Standgötu 75, ársreikningur ársins 2018.

Maríuhús- Dagbjálfun, Blesugróf 27, ársreikningur ársins 2018.

Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá um reikninga félagsdeilda.

Engin kvaddi sér hljóðs og ekki bárust fyrirspurnir úr sal.

Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársreikninga félagsdeilda sem voru samþykktir samhljóða.

6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

Ólína Kristín Jónsdóttir forstöðumaður Maríuhúss fór yfir [lykiltölur fyrir árið 2018](#) ásamt þeim Erlu Einarsdóttir forstöðumanni Drafnarhúss og Sigríði Lóu Rúnarsdóttur forstöðumanni í Fríðuhúsi. Glæsur sem þær kynntu eru birtar á heimasíðu samtakanna. Sjá: [Maríuhús 2018 – Drafnarhús 2018 – Fríðuhús 2018](#)

Fundarstjóri leyfði umræður og fyrirspurnir um skýrslurnar.

Spurt var úr sal:

- a) Af hverju útskrifast fólk úr dagbjálfun, þ.e. hvert fer það? Flestir fara í biðpláss á sjúkrahús, að sögn Ólínu eða á hjúkrunarheimili. Hún sagði ennfremur að biðpláss á sjúkrahúsi væri ekki góð lausn fyrir heilabilaða þar sem biðplássið væri tímabundin lausn sem kallaði á óþarfa þvæling sem væri ekki góður fyrir heilabilaða.
- b) eru konur fleiri í dagbjálfun og af hverju þá? Já þær eru fleiri og vísindaleg skýring sú að konur eru duglegri að hafa karlana heima hjá sér.
- c) Af hverju hætta sumir í dagbjálfuninni? Heilabilun fylgir oft innsæisleysi og stundum kemur fólk of snemma í sjúkdómsferlinu.

- d) Hver er starfsmannaveltan? Almennt helst mjög vel á starfsfólki, enda um dagvinnu að ræða og starfið mjög gefandi.
- e) Er biðlisti í dagþjálfun samræmdur? Jú hann er samræmdur á höfuðborgarsvæðinu en taka þarf tillit til hverfaskiptingar, sérstaklega vegna aksturs.

7. Skýrslur fagráðs og starfshópa.

Liður fellur niður. Fagráð hefur ekki verið starfandi í nokkur ár.

8. Lagabreytingar.

Liður fellur niður þar sem engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

9. Kosning stjórnar:

Árni Sverrisson, gefur áfram kost á sér til formanns til eins árs eða til 2020. Samþykktur með lófataki.

Tveir stjórnarmenn gefa ekki kost á sér að nýju þ.e. Guðjón Brjánsson og Berglind Anna Magnúsdóttir. Þeirra í stað voru kosnar í aðalstjórn til tveggja ára þær Guðbjörg Alfreðsdóttir sem átti sæti í varastjórn og Ragnheiður Ríkharðsdóttir sem kemur ný inn í stjórn. Sem varamenn í stjórn til eins árs var Guðlaug Alfreðsdóttir endurkjörin og Jón Helgason sem kemur nýr inn. Brynjólfur Bjarnason og Fríða Proppé voru kosin í aðalstjórn á aðalfundi 2018 til tveggja ára og sitja því í aðalstjórn til 2020.

Ekki bárust önnur framboð til stjórnar áður en framboðsfrestur rann út og er stjórnin því sjálfkjörin.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga – kosnir til eins árs.

Í framboði eru Kristinn Jörundsson og Ragnheiður K. Karlsdóttir. Ekki bárust fleiri framboð og eru þau því réttkjörin.

11. Ákvörðun um árgjald.

Tillaga stjórnar er að árgjald verði óbreytt kr. 3000.-
Samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

Formaður tók til máls, þakkar traustið og kosningu til formanns. Hann bauð nýtt fólk velkomið í stjórnina, Ragnheiði og Jón. Þá minntist hann þess að tveir hverfa á braut úr stjórn þ.e. Guðjón Brjánsson alþingismaður og Berglind Anna Magnúsdóttir. Þakkaði hann þeim vel unnin störf og færði Berglindi, sem mætt var á fundinum, gjöf að skilnaði.

Til máls tók Ragnheiður K. Karlsdóttir og þakkaði fyrir skemmtilegan fund, sagði fundinn þann skemmtilegasta sem hún hefði setið.

Framkvæmdastjóri, Vilborg Gunnarsdóttir, tók til máls og gerði nánari grein fyrir starfi tengla samtakanna. Hún sagði að vel væri haldið utan um tenglana. Þeim væri t.d. boðið til samkomu í höfuðstöðvunum á Alzheimerdaginn og þá borgaður ferðakostnaður. Þar væru línur lagðar. Þá mætti ekki gleyma sjálfboðaliðunum á höfuðborgarsvæðinu. Hópur kvenna úr Mosfellsbæ hefði t.d. unnið mikið og gott starf.

Laufey Jónsdóttir tengill samtakanna á Akranesi sagði í tilefni þess að Vilborg benti sérstaklega á kröftugt og óeigingjarnt starf tengla á Akranesi að hún nyti góðs af því að fá að vinna starfið í vinnutíma sem verkefnastjóri í heimaþjónustu hjá Akranesbæ. Mikill áhugi væri á Alzheimersamtökunum á Akranesi og framundan Vorhátíð og Alzheimerkaffi þar sem forsetafrúin, frú Eliza Reid, yrði gestur. Dúmbó og Steini kæmu að skemmta, auk hins vinsæla kaffihlaðborðs. Allir velkomnir, sagði Laufey.

Það kom ennfremur fram í umræðum um önnur mál að núverandi fræðslustjóri samtakanna, Sirrý, er að hætta störfum og að ráðinn hefur verið nýr fræðslustjóri í hennar stað en það er Sigurbjörg Hannesdóttir.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum þátttökuna, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og gaf formanni orðið til að slíta fundinum.

Formaður þakkaði að lokum fundarmönnum fundarsetuna, fundarstjóra og fundarritara þeirra störf og sagði fundi slitið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10.